

Bætt rekstrarafkoma Sveitarfélagsins Árborgar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2016 var lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn í dag, 26. apríl.

Samkvæmt reglum um reikningsskil sveitarfélaga skiptist ársreikningur í tvo hluta. Annars vegar er A-hluti, sem er almennur rekstur sveitarsjóðs sem að mestu leyti er fjármagnaður með skatttekjum. Hins vegar er B-hluti sem eru stofnanir í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samstæða sveitarfélagsins, A- og B-hluti, skilar afgangi frá rekstri upp á tæplega 108 mkr., samanborið við 21 mkr halla árið 2015. Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar meira en áætlun gerði ráð fyrir og fer skuldaviðmið samstæðu í 133,7%, en var 148,4% í árslok 2015. Skuldir við lánastofnanir lækkuðu um 147,5 millj.kr. milli ára. Skammtímaskuldir lækka um 103 millj.kr. Lífeyrisskuldbindingar hækka aftur á móti um 229,4 millj.kr. milli ára.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hækkaði verulega, var 151 millj.kr. og 107,3 millj.kr. yfir áætlun ársins. Gjaldfærslan hækkaði um 126,4 millj.kr. á milli ára, en til samanburðar lækkaði hún um 36 millj.kr. á milli áranna 2014 og 2015. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hefur því veruleg áhrif í rekstri sveitarfélagsins, langt umfram áætlun og langt umfram þróun síðustu ára.

Útsvarstekjur hækkuðu um 177 mkr á milli ára og voru heildartekjur sveitarfélagsins um 300 millj.kr. yfir áætlun. Veltufé frá rekstri var 1.048 millj.kr. eða 13,7% af heildartekjum.

Niðurstaða ársreiknings fyrir árið 2016 er jákvæð. Afgangur er af rekstri samstæðu, tekjur aukast og sjóðstreymi lagast. Skammtíma- og langtímaskuldir lækka og skuldahlutfall lækkar umtalsvert. Þrátt fyrir þetta er enn halli á rekstri aðalsjóðs og A-hluta, þrátt fyrir að tekist hafi að minnka þann halla talsvert á milli ára. Enn þarf því að gæta aðhalds í rekstri.

Sveitarfélagið Árborg 26.apríl 2017